

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og fleiri lögum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (JóhS, LB, ÖS).

1. Við 10. gr.
  - a. A-liður orðist svo: 3. mgr. A-liðar orðast svo:  
Barnabætur skulu árlega nema 56.096 kr. með öllum börnum yngri en 18 ára á tekjuárinu.
  - b. B-liður orðist svo: Í stað „16“, „123.254“, „146.713“, „205.288“, „210.584“, „1.444.139“ og „722.070“ í 4. mgr. A-liðar kemur: 18, 139.647, 166.226, 232.591, 238.592, 2.231.195, og: 1.115.598.
2. Á eftir LI. kafla komi nýr kafli, LII. kafli, **Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum**, með einni nýrri grein, 145. gr., er orðist svo:  
Í stað hlutfallstölunnar „14%“ í upphafsmálslið 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: 7%.
3. Við 145. gr.
  - a. 5. mgr. orðist svo:  
Ákvæði a- og b-liðar 10. gr. öðlast gildi 1. janúar 2005.
  - b. Við bætist ný málsgrein sem orðist svo:  
Ákvæði 145. gr. öðlast gildi 1. júlí 2005.